

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hólshrauns, iðnaðar- og þjónustulóða, vegna Kaplahrauns 24.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. maí 2025 breyting á deiliskipulagi Hólshrauns, iðnaðar- og þjónustulóða, vegna Kaplahrauns 24. Breytingin felst í aukningu nýtingarhlutfalls og byggingarmagns. Aðskildar byggingar á reit breytast úr $130 \text{ m}^2 + 145 \text{ m}^2$ í $130 \text{ m}^2 + 180 \text{ m}^2$. Nýtingarhlutfall bygginga á lóð breytist úr 0,60 í 0,65. Að öðru leyti gilda fyrri skilmálar.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 14. maí 2025.

F.h. skipulagsfulltrúa,
Aleksandra Wegrzyniak, þjónustufulltrúi á tæknisviði.

B deild - Útgáfudagur: 28. maí 2025